

# 241. fundur Skólanefndar FS

## 6. júní 2000



**Mættir:** Kristbjörn Albertsson formaður, Jón Ingi Baldvinsson, Stefanía Ólafsdóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, áheyrnarfulltrúarnir Ragnheiður Gunnarsdóttir og Pétur Brynjarsson, Jón Sæmundsson fjármálastjóri og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kennararáðningar.
  2. Nýtt námsframboð á haustönn.
  3. Önnur mál.

### 1. Kennararáðningar.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi umsóknir og kennararáðningar. Nokkrar umsóknir hafa þegar borist.


### 2. Nýtt námsframboð á haustönn.

Á haustönn verður byrjað að bjóða upp á nám á upplýsinga- og fjölmiðlabraut og nýjar leiðir á almennum brautum. Innritun nýnema stendur yfir.

### 3. Önnur mál.

- a) Fjármálastjóri lagði fram og kynnti ársreikninga skólasjóðs fyrir árið 1999. Reikningarnir samþykktir samhljóða.
- b) Formaður og skólameistari sögðu frá viðræðum við Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum um fjármögnun viðbyggingar.
- c) Skólameistari sagði frá fyrirhugaðri kynningu í Eldborg á verkefni um starfsmenntun á Suðurnesjum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

  
Guðmann Kristþórsson,  
fundarritari